

Forsætisráðuneytið  
Samráðsgátt mál nr. 110/2023

Reykjavík 20. júlí 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að frumvarpi til laga um Mannréttindastofnun Íslands.

Virðingarfyllst,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Þóra Jónsdóttir,  
lögfræðingur og verkefnastjóri innlendra verkefna

Berglind Sigmarsdóttir,  
framkvæmdastjóri



## Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að frumvarpi til laga um Mannréttindastofnun Íslands

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna því að fram eru komin drög að frumvarpi til laga um Mannréttindastofnun Íslands og telja hér stigið mikilvægt og jákvætt skref í vernd mannréttinda á Íslandi.

Barnaheill eru frjáls félagasamtök sem vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í allri starfsemi sinni.

### Jákvæðir þættir

Frumvarpsdrögin sem nú eru kynnt eru að mestu leyti viðunandi og í samræmi við Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna um mannréttindastofnanir. Það er jákvætt að stofnuninni skuli tryggt sjálfstæði frá stjórnvöldum og Alþingi með dreifingu valds og fjölræði, fyrirkomulagi vals á stjórnarfólki fyrir stofnunina, ráðningu og frávíkningu framkvæmdastjóra og skipun ráðgjafarnefndar. Enn fremur er jákvætt að kveðið er á um rétt stofnunarinnar til upplýsinga með skýrum hætti og skyldu stofnana, félagasamtaka og annarra til að veita umbeðnar upplýsingar.

Barnaheill áréttu fyrri umsagnir um fyrirhugaða stofnun mannréttindastofnunar og um stöðu mannréttinda á Íslandi og þau sjónarmið sem þar voru dregin fram. Sjá: [Umsogn-barnaheilla-um-graenbok-um-mannrettindi.pdf](#) og [umsogn-barnaheilla-um-aform-um-sjalfstaeda-innlenda-mannrettindastofnun.pdf](#).

### Sjálfsæður réttur barna til að kvarta

Sérstaklega áréttu samtökin mikilvægi þess að börn hafi sjálfstæðan rétt til að leita til Mannréttindastofnunar Íslands og að þau hafi aðgang að fræðslu og upplýsingum um réttindi sín á barnvænu og aðgengilegu máli. Enn fremur þarf við alla málsmeðferð og þjónustu við börn að hafa það sem þeim er fyrir bestu að leiðarljósi. Rétt er að taka undir sjónarmið í greinargerð þeirri sem fylgir frumvarpsdrögunum að samstarf við umboðsmann barna er afar mikilvægt, m.a. við þróun núverandi tilraunaverkefnis um réttindagæslu barna sem umboðsmaður hefur starfrækt frá árinu 2022 í samræmi við stefnu Alþingis og stjórnvalda um Barnvænt Ísland. Barnaheill ítreka jafnframt í þessu sambandi, fyrri hvatningu til íslenskra stjórnvalda, um mikilvægi þess að fullgilda þriðju valfrjálsu bókun Barnasáttmálans um rétt barna til að kvarta til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna ef þau telja að mannréttindi þeirra hafi verið brotin.

### Ólaunuð störf félagasamtaka?

Að síðustu gagnrýna Barnaheill að ekki sé gert ráð fyrir að störf ráðgjafarnefndar Mannréttindastofnunarinnar verði launuð sérstaklega. Samtökin lýsa þó yfir vilja til að tilnefna fulltrúa samtakanna til setu í ráðgjafarnefndinni og fagna því að frumvarpsdrögin kveði á um að Barnaheill skuli alltaf eiga fulltrúa í nefndinni, en lýsa jafnframt furðu sinni



## Barnaheill

yfir að ekki sé gert ráð fyrir þóknun til samtakanna fyrir þá þjónustu og leggja til að úr því verði bætt við frekari vinnu frumvarpsins.

### **Hvatning til forsætisráðuneytis**

Barnaheill hvetja forsætisráðuneytið eindregið til að ljúka vinnu við frumvarp þetta til laga um Mannréttindastofnun Íslands eins fljótt og auðið er svo hægt verði að leggja það fyrir Alþingi á komandi þingi.

Barnaheill eru áfram boðin og búin að taka þátt í undirbúningi og samráði við stofnun Mannréttindastofnunar Íslands.